

Sp.

187. Tillaga til þingsályktunar

[167. mál]

um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Flm.: Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal,
Friðjón Þórðarson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Jafnframt verði kannað á hvaða stöðum helst komi til greina að reisa heilsubótarstöðvar er byggja starfsemi sína á jarðhita og hver sé rekstrargrundvöllur slíkra stöðva.

Greinargerð.

Mál þetta var borið fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Jarðhiti er til ýmissa hluta nytsamlegur svo sem við Íslendingar þekkjum af eigin raun. Einum þætti nýtingar jarðhitans hefur þó verið minni gaumur gefinn en efni standa til að dómi flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu. Það er nýting jarðhita, hveravatns og hveraleirs til heilsuræktar og baðlækninga. Víða um heim hefur verið komið á fót heilsuræktar- og baðlækningastöðvum sem byggja starfsemi sína á jarðhita og hveravatni, auk ölkelduvatns svo sem alkunna er. Frá fornu fari hafa menn sótt slíka baðstaði sér til heilsubótar en víðkunna baðstaði er m.a. að finna í Þýskalandi, Frakklandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Hlutaðeigandi þjóðir hafa lengi haft verulegar tekjur af slíkum heilsubótarstöðvum. Hafa þær átt sinn þátt í að laða að erlenda ferðamenn enda eru hinir kunnu baðstaðir í Evrópu mjög fjölsóttir og leita þangað gestir úr öllum heimsálfum sér til heilsubótar, hressingar og afþreyingar.

Þáttur jarðhitans í heilsurækt á slíkum stöðum hefur um langan aldur verið allstór. Farið hefur í vöxt á undanförnum árum að heilsuræktarstöðvar séu byggðar við heitar lindir, m.a. í Ungverjalandi og Japan. Er það ekki síst með móttöku erlendra gesta í huga. Tæplega 30% af nýtingu jarðvarma í heiminum eru tengd heilsurækt og ferðamálum. Á því sviði er verðmætasköpunin langmest eða rúmlega 50% af heildarverðmætasköpun í öllum jarðvarmaíðnaði í heiminum. Til samanburðar má nefna að tæplega 33% þess jarðvarma, sem nýttur er, fer til raforkuframleiðslu.

Það fer ekki á milli mála að á Íslandi eru miklir möguleikar fyrir hendi á þessu sviði. Þeir eru nú að langmestu leyti ónýttir og því má segja að við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar í þessum efnum. Þó hafa framsýnir menn lengi bent á að einboðið væri að nýta auðlindir jarðvarmans og hveravatnsins í miklu meira mæli til heilsubótar. Skal þar sérstaklega nefndur Gísli Sigurbjörnsson forstjóri sem byggt hefur hluta elliheimilisins Grundar í Hveragerði í nánd við hina heitu hver.

Fram til þessa hefur aðeins verið reist hér ein heilsubótarstöð sem sérstaklega byggir á nýtingu jarðvarmans, hæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, en önnur slík stöð er í byggingu á Akureyri á vegum náttúrulækningasamtakanna. Má þó í þessu sambandi ekki gleyma hinum fjölmörgu sundstöðum um land allt sem nýta heita vatnið til heilsubótar þótt þeir falli að mestu utan ramma þessarar tillögu.

Að áliti flutningsmanna er löngu orðið tímabært að hér á landi verði hafist handa um byggingu alhliða heilsubótarstöðva þar sem nýttur væri jarðvarmi, hveravatn, hveraleir og ölkelduvatn. Þar er um náttúrugæði að ræða sem óvíða er að finna í Evrópulöndum og skapa þau því betri aðstöðu til framkvæmda á þessu sviði hér á landi. Slíkar heilsubótarstöðvar

mundu, eins og reynslan frá Hveragerði sýnir, verða sóttar í verulegum mæli af Íslendingum. En einnig má telja líklegt að útlendingar sæktu slíkar stöðvar í miklum mæli ef vel tekst til um framkvæmdina og kynningu þeirra erlendis. Gæti stofnun heilsuræktarstöðvar hérlendis á þann hátt stuðlað mjög að því að ferðamenn sæktu hingað til lands í auknum mæli og skapað bæði atvinnu á nýjum vettvangi og gjaldeyrstekjur.

Könnun Sameinuðu þjóðanna.

Um 1970 var þess óskað af hálfu íslenskra stjórnvalda að aðstoð fengist frá Sameinuðu þjóðunum til úttektar á framtíðarmöguleikum Íslands sem ferðamannalands. Bandarísku ráðgjafarfyrtæki í ferðaþjónustu, Checchi and Company, var falið að annast verkið í samráði við íslenska ferðamálaaðila. Fyrtækið skilaði umfangsmiklum skýrslum og tillögum um það hvernig unnt væri að efla ferðaþjónustu hér á landi og kenndi þar margra grasa. Sérstök skýrsla fjallaði um byggingu heilsubótarstöðva sem nýttu jarðvarmann og heita vatnið á ýmsan hátt. Tveir Íslendingar lögðu hönd á plóginn við gerð skýrslunnar, þeir dr. Gunnar Böðvarsson, er fjallaði um íslensk jarðhitasvæði, og Sigurður R. Guðmundsson efnafræðingur sem gerði skýrslu um jarðhitasvæði og efnasamsetningu vatnsins þar.

Sérstaka skýrslu um heilsubótaráhrif heita vatnsins hér á landi gerði síðan dr. Maurice Lamarche, prófessor við læknadeild háskólans í Nancy í Frakklandi. Í niðurstöðum hans kemur m.a. fram að lindarvatn og hveravatn hér á landi er víða gætt þeim sömu heilsubótareiginleikum og vatn það sem notað er við ýmsar kunnustu heilsubótarstöðvar Evrópu. Gerir prófessorinn tillögur um að komið verði á stofn baðlækningastöðvum hér á landi sem ætla mætti að sóttar yrðu ekki síst frá öðrum löndum. Jafnframt rekur hann læknisfræðileg atriði sem lúta að meðferð við ýmsum sjúkdómum miðað við eiginleika íslenska lindarvatnsins, hveravatnsins og leirbaða. (M. Lamarche, Medical Hydrology in Iceland, Tourism in Iceland, Phase Two, Vol. II.)

Ekki er kunnugt um að neinar af þessum tillögum hafi leitt til framkvæmda af hálfu hins opinbera eða einkaaðila en ljóst er að þar eru dregnar saman mjög gagnlegar rannsóknaniðurstöður um þessi efni sem að notum geta komið í framtíðinni.

Nýjar nýtingarleiðir jarðhitans.

Svo sem hér hefur verið greint frá liggja þegar fyrir allmiklar upplýsingar um nýtingu jarðhitans hér á landi í heilsubótar- og lækningaskyni og fram hefur komið í rannsókn Sameinuðu þjóðanna að skilyrði fyrir slíkar heilsubótarstöðvar eru jafngóðar eða betri hér á landi en víðast annars staðar. Þess vegna er fyllilega tímabært að heilbrigðisyfirvöld hafi forgöngu um að gerð verði áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Hluti þeirrar könnunar ætti að leiða í ljós hvaða staðir á landinu eru vænlegastir í þessu efni. Auk Hveragerðis er ljóst að til greina kæmi að reisa slíka stöð í nágrenni Svartsengis á Reykjanesi þar sem margir hafa sótt böð í Bláa lóninu sér til heilsubótar. Fyrir dyrum stendur sérstök könnun heilbrigðisyfirvalda á lækningarmætti jarðsjávarins þar. En ljóst er að ýmsir aðrir staðir á landinu hafa upp á landkosti og náttúrugæði að bjóða sem máli skipta í þessu efni.

Jafnframt er eðlilegt að hluti af slíkri könnun verði áætlun um rekstrargrundvöll heilsubótarstöðva. Þær upplýsingar verða að liggja fyrir áður en unnt er að leggja drög að framkvæmdum á þessu sviði hvort sem er af hálfu einstaklinga eða áhugafélaga.

Þegar litið er á þetta mál í heild má segja að hér tvinnist saman leiðir til nýrrar nýtingar jarðhitans hér á landi, stofnun nýrrar heilsubótaraðstöðu fyrir útlendinga jafnt sem Íslendinga og efling ferðaþjónustunnar hér á landi.

Fylgiskjal.

ORKUSTOFNUN, 7. júní 1985.

Hr. Birgir Ísl. Gunnarsson alþm.
atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis
Alþingi
Reykjavík.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Orkustofnun hefur borist bréf yðar, dags. 29. maí 1985, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í tillögunni felst, ef samþykkt verður, að gerð verður áætlun um það á hvern hátt jarðhiti verður best nýttur hér á landi í heilsubótarskyni. Til þessa hefur slík notkun verið lítil hér á landi ef frá eru taldar almenningssundlaugar. Helst er það heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði og nú nýverið Bláa lónið í Svartsengi.

Það er staðreynd að í mörgum löndum Evrópu og Asíu eru volgar lindir notaðar til heilsubaða og hvílir sú notkun á aldagamalli reynslu og hefð. Víða eru í byggingu ný heilsuhæli af þessu tagi sem höfða ekki síst til ferðamanna. Markaðurinn er stór og ekkert sem bendir til þess að hann sé að dragast saman. Hér á landi er jarðhiti mjög víða til staðar og aðstæður að því leyti ákjósanlegar, betri en í mörgum öðrum löndum. Þótt eflaust megi ýmislegt finna neikvætt, svo sem kaldara loftslag, virðist þó ástæða til að skoða vandlega þá möguleika til atvinnutækifæra sem kunna að leynast á þessu sviði.

Hér skal enginn dómur á það lagður hver sé lækningarmáttur heita vatnsins heldur látið nægja að benda á þá staðreynd að fólk sækist eftir heilsuöðum sem byggja á jarðhita. Tímabært er orðið að skoða í alvöru hvaða möguleika við eigum á þessu sviði og kynna þá fyrir áhugaaðilum.

Orkustofnun mælir því með því fyrir sitt leyti að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Jakob Björnsson,
orkumálastjóri.

Guðmundur Pálmason,
forstjóri jarðhitadeildar.